

## Hverfisnefndarfundur Oddeyrar 3.5.2007

- Hólmkell kom og kynnti fyrir okkur hugmyndafræðina bakvið hugtakið “Slow City” eða “sældarbæ” sem er íslenska hugtakið yfir fyrirbærið.
- Slow City sem að sögn Hólmkels er áhugamannafyrirtæki um að njóta lífsins var stofnað á Ítalíu árið 1999 og hafa nú þegar 56 borgir tileinkað sér þessa hugmyndafræði og fengið vottun þess efnis.
- Hugmyndafræði Slow City gengur út á hreina og vistvæna borg sem heldur í hefðir og menningu og leggur áherslu á jafnvægi í stað streitu með því að fram hæglati í stað hraða.
- Með henni er reynt að virkja íbúana með vitundarvakningu um hvað einkenni og hvað sé sérstakt við þeirra heimaborg. Þetta efli væntumþykju meðal íbúanna og hvetji þá til að standa vörð um menningarhefðir sinnar heimabyggðar.
- Hólmkell lagði mikla áherslu á innleiðing hugmyndafræðinnar ætti að vera ákvörðun íbúanna en ekki bæjaryfirvalda og hafði hann það að leiðarljósi með þessari kynningu sinni hjá okkur. Fundarmeðlimir tóku allir mjög vel í erindi Hólmkels og töldu sig allir vera orðnir góðir talsmenn hugmyndafræðinnar eftir þessa kynningu.
- Að kynningu lokinni ræddu fundarmeðlimir aðeins um almenningssamgöngur bæjarins vegna athugasemdir sem þeim hafði borist um að stoppistöðvum hefði verið fækkað á eyrinni. Ákveðið var að skoða þetta mál betur og taka til hliðsjónar hvaða hópar það eru sem helst nýta sér almmeningssamgöngur.

Fundi slitið.